




Reykjavík, 9. janúar 2025
USK24100283

Þjórsárgata 9A – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa IVA

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. desember 2024 var lögð fram fyrirspurn Jónínu Ólafsdóttur, dags. 25. október 2024, um að breyta notkun bílskúrs á lóð nr. 9A við Þjórsárgötu í íbúð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd Borgarvefsjá



Götumynd, Þjórsárgata 9A

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarsvæðinu Litli Skerjafjörður.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag né Hverfisskipulag.

Umsögn

Spurt er hvort heimild yrði gefin að breyta bílskúr í íbúð. Ekki er heimilt að breyta bílskúr á lóð í íbúð fyrr en farið hefur fram heildarendurskoðun á skipulagi hverfisins í formi hverfisskipulags þar sem mögulega verða rýmri heimildir fyrir breytingum af þessu tagi. Sú vinna er ekki farin af stað í þessum hverfishluta.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að breyta bílskúrnum í vinnustofu, sækja þarf um byggingarleyfi fyrir því. Bent er á að bílskúrin / vinnustofan verður á sama fastanúmeri og ekki hægt að selja frá.

Niðurstaða

Ekki er heimilt að breyta bílskúr í íbúð samanber umsögn hér að ofan.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, verkefnistjóri og arkitekt